

7. gr.

Ef prófmaður nær ekki tilskilinni lágmarkseinkunn sbr. 4. gr. er honum heimilt að þreyta próf að nýju þegar próf eru haldin skv. 2. gr.

Frá því að prófmaður nær fullnægjandi árangri í fyrstu prófgrein og þar til hann hefur lokið þeirri síðustu mega líða þrjú ár hið mesta.

8. gr.

Þegar prófmaður er skráður í próf skal hann greiða prófgjald. Ráðherra ákveður prófgjald ár hvert.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 403/1989, um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Fjármálaráðuneytinu, 24. júlí 1998.

Geir H. Haarde.

Ragnheiður Snorradóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð“.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af Boga Th. Melsteð sagnfræðingi og var skipulagsskrá fyrir hann staðfest 13. október 1914. Nafn sjóðsins er: Ævinleg erfingjarenta Sigríðar Melsteð.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins var jörðin Hlíð í Grafningi, Árnessýslu. Eignir sjóðsins voru í árslok 1997 eftirtalдар:

Eignarhluti í jörðinni Hlíð í Grafningi að mati kr. 1.896.112, inneignir í bönkum kr. 1.468.464.

Samtals: kr. 3.364.576.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 471.000 og skal hann haldast óskertur að raungildi sínu.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtast á sem tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki og styrkja fólk í erfiðleikum. Rétt til styrkja hafa afkomendur Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur frá Framnesi, Skeiðum. Einnig má nota sjóðinn til að efla kynni meðal ættingja og styrkja mannfagnaði á vegum ættarinnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Vextir af inneignum.
- Afgjöld og hlunnindi af jörðinni Hlíð í Grafningi, Árnessýslu.
- Aðrar tekjur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita á hverjum tíma í samræmi við tilgang hans skv. 3. gr. þeirri upphæð sem hún telur sér fært að veita án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn og 3 meðstjórnendur. Skulu þeir allir vera afkomendur barna Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur þ.e. Páls, Jóns, Stefaníu, Sigrúnar, Gunnlaugs og Soffíu.

Hlutverk aðalstjórnar er að annast innheimtu og vörslu sjóðsins.

Styrkveitingar og breytingar á eignarhaldi verða aðeins gerðar í samráði við meðstjórnendur.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórn tilnefni hann eftirmann sinn í stjórnina. Falli stjórnarmaður frá tilnefna skyldmenni hans mann í hans stað. Formaður skal valinn af stjórnarmönnum. Formaður stjórnar ber ábyrgð á fjárvörslu. Tilnefningar gilda í tvö ár í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 2001.

7. gr

Sjóðurinn skal endurskoðaður árlega af löggiltum endurskoðanda.

8. gr

Sjóðurinn skal ávaxtaður hjá tryggri stofnun, með sem hagstæðustum kjörum. Eigi má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann enda sé sjóðurinn á ábyrgð sjóðstjórnar. Heimilt er að selja jörðina Hlíð ef henta þykir.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má aðeins gera ef þær hljóta samþykki allra stjórnarmanna og meðstjórnenda.

10. gr.

Ef sjóðurinn verður lagður niður og eignir hans seldar skal fé hans skipt milli erfingja samkvæmt erfðalögum.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð, sem staðfest var 13. október 1914 (B-deild Stjórnartíðinda nr. 99/1914).

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. júlí 1998.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Fanney Óskarsdóttir.